

Breytingar á regluverki þjóðkirkjunnar 2020 – 2022.

Viðbótarsamkomulag ríkis og kirkju [frá 6. september 2019](#), við kirkjujarðasamkomulagið frá 10. janúar 1997 hefur leitt af sér miklar breytingar á regluverki þjóðkirkjunnar. Skal hér gerð grein fyrir helstu breytingunum. Miðað er við stöðu mála 17. janúar 2022. Upplýsingarnar verða uppfærðar þegar við á, væntanlega næst að afloknum fundum kirkjuþings 2021 – 2022, dagana 26. – 28. mars 2022.

1. Lög frá Alþingi.

1. júlí 2021. Ný þjóðkirkjulög nr. [77/2021](#) tóku gildi og önnur löggjöf um kirkjuna var að mestu leyti afnumin. Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. [78/1997](#), sem nýju lögin leystu af hólmi, féllu endanlega brott. Eldri þjóðkirkjulögum hafði tvívegis verið breytt áður til samræmis við viðbótarsamninginn:

a. Breyting samkvæmt lögum nr. [153/2019](#) – aðalbreytingin var sú að starfsfólk kirkjunnar var ekki lengur skilgreint sem ríkisstarfsmenn. Fleiri þýðingarmikilar breytingar áttu sér stað.

b. Breyting samkvæmt lögum nr. [95/2020](#) – skylda kirkjunnar til að starfa samkvæmt stjórnarsýslulögum felld brott og lagaákvæði um Jöfnunarsjóð sókna, kirkjumálasjóð og kristnisjóð sömuleiðis felld brott. Reglugerð ráðherra um Jöfnunarsjóð sókna féll brott, samhliða lögnum. Fleiri þýðingarmikilar breytingar áttu sér stað.

Listi yfir brottfelldar réttarheimildir samkvæmt nýjum þjóðkirkjulögum er í [13. gr.](#) nýju þjóðkirkjulaganna. Unnt er að nálgast brottfelldar réttarheimildir samkvæmt framanskráðu í [lagasafni](#) Alþingis frá 13. apríl 2021. Jafnframt höfðu verið felld brott eldri lög með framangreindum lögum nr. 153/2019, sjá 22. gr.

2. Starfsreglur kirkjuþings.

a. Vegna viðbótarsamningsins voru settar ýmsar nýjar starfsreglur á kirkjuþingi 2021 – 2022. Þær eru helstar þessar:

Starfsreglur um

fjármál þjóðkirkjunnar
ráðningu í prestsstörf
kjaranefnd þjóðkirkjunnar
starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa
breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjuþings (bandormur)
héraðsfundi og héraðsnefndir
kirkjuþing
söfnuði og sóknarnefndir

b. Settari voru [starfsreglur](#) um áframhaldandi gildi tiltekinna starfsreglna þjóðkirkjunnar út árið 2022. Verður tíminn nýttur til að fara yfir reglurnar og meta hvað skuli standa áfram, hverju skuli breytt og hvað skuli falla brott.

c. Starfsreglur um kirkjuráð nr. 817/2000 féllu brott frá og með 1. janúar 2022.

d. Annað. Ýmsar aðrar starfsreglur o.fl., auk þeirra er að framan greinir, voru samþykktar á kirkjuþingi 2021 – 2022, sem haldið var 23. – 27. október og 22. – 23. nóvember 2021. Þær er að finna í málaskrá kirkjuþingsins [hér](#).